



Verklagsreglur Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Landsbankinn hf. | Nr. 1224-09 | Júní 2019

1 Inngangur

- 1.1 Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti ber Landsbankanum hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) við framkvæmd viðskiptafyrirmæla að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans. Í 44. – 46. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármála-fyrirtækja er kveðið nánar á um bestu framkvæmd.
- 1.2 Verklagsreglur þessar eru settar samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga um verðbréfiðskipti.

2 Gildissvið

- 2.1 Verklagsreglur þessar gilda um viðskipti með fjármálagerninga, sbr. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfiðskipti, þegar Landsbankinn:
 - i) framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina eða miðlar fyrirmælum um viðskipti til þriðja aðila,
 - ii) framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina á grundvelli eignastýringar eða beinir fyrirmælum um viðskipti á grundvelli eignastýringarinnar til þriðja aðila.
- 2.2 Verklagsreglur þessar eiga við um viðskipti bankans við almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Reglurnar eiga ekki við um viðskipti við viðurkennda gagnaðila nema þeir hafi krafist þess sérstaklega, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga um verðbréfiðskipti.

3 Sérstök fyrirmæli viðskiptavinar

- 3.1 Mæli viðskiptavinur fyrir um ákveðna framkvæmd þá mun Landsbankinn fylgja fyrirmælum hans að svo miklu leyti sem hægt er og ganga þá fyrirmæli viðskiptavinar framar verklagsreglum þessum. Nái ákveðin fyrirmæli einungis til takmarkaðs þáttar af framkvæmdinni mun Landsbankinn framkvæma aðra þætti á grundvelli verklagsreglna þessara.
- 3.2 Bent er á að hvers kyns sérstök fyrirmæli frá viðskiptavinum kunna að hindra það að bankinn grípi til aðgerða, sem hann hefur mótað og komið á í verklagsreglum þessum, í því skyni að ná besta mögulega árangri fyrir viðskiptavininn.

4 Besta framkvæmd

- 4.1 Á grundvelli verklagsreglna þessara mun Landsbankinn leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta.
- 4.2 Þegar Landsbankinn framkvæmir fyrirmæli viðskiptavinar tekur bankinn tillit til eftirfarandi viðmiðana til að ákvarða hlutfallslegt mikilvægi þeirra þátta sem um getur í grein 4.1:
 - i) einkenni viðskiptavinar, þ.m.t. hvort viðskiptavinur er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir,
 - ii) hvers eðlis fyrirmæli viðskiptavinarins eru,
 - iii) einkenni þeirra fjármálagerninga sem um ræðir í viðkomandi fyrirmælum,
 - iv) einkenni þeirra markaða sem unnt er að beina fyrirmælunum til.
- 4.3 Verð og kostnaður vega alla jafna þyngst þegar leitað er að bestu mögulegu niðurstöðu fyrir almenna fjárfesta. Aðrir þættir sem nefndir eru í grein 4.1. mega aðeins fá forgang fram yfir verð og kostnað ef þeir hafa úrslitaáhrif varðandi möguleika bankans til að ná bestu niðurstöðu við framkvæmd fyrirmæla fyrir almenna fjárfesta.



- 4.4 Þegar Landsbankinn framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd almenns fjárfestis er besti mögulegi árangur m.a. ákvarðaður út frá heildarmati sem felur í sér verð fjármálagerðingsins og kostnað tengdan framkvæmdinni, þ.m.t. öll útgjöld sem viðskiptavinurinn stofnar til og eru beinlínis tengd framkvæmd fyrirmælanna, s.s. þóknar til markaða, þóknar vegna greiðsluöfnunar og uppgjors og allar aðrar þóknarir sem greiddar eru þriðju aðilum sem koma að framkvæmd fyrirmælanna.
- 4.5 Verð vegur alla jafna þyngst þegar leitað er að bestu mögulegu niðurstöðu fyrir fagfjárfesta. Þó geta komið upp aðstæður vegna tiltekinna fyrirmæla, fjármálagerðinga eða markaða þar sem aðrir þættir, sem tilgreindir eru í grein 4.1., fá forgang fram yfir verð.

5 Markaðir

- 5.1 Landsbankinn framkvæmir viðskiptafyrirmæli á eftirtöldum tegundum markaða: Skipulegum verðbréfamarkaði, markaðstorgi fjármálagerðinga (MTF), hjá innmiðlara eða viðskiptavaka, öðrum aðila sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerðinga, eða aðila sem gegnir sambærilegu hlutverki í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og einhver hinna framangreindu gegnir. Með því að samþykkja verklagsreglur þessar er viðskiptavinur að samþykkja að heimilt sé að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerðinga. Í viðauka 1 við verklagsreglur þessar eru tilgreind heiti þeirra markaða sem Landsbankinn reiðir sig einkum á við framkvæmd viðskiptafyrirmæla.
- 5.2 Landsbankinn mun hverju sinni leitast við að velja markað sem er líklegastur til að tryggja bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavin, að teknu tilliti til þeirra þátta sem nefndir eru í grein 4.1. Forgangsröðun þessara þátta skal ákvörðuð með tilvísun til viðmiðanna í grein 4.2. - 4.5.
- 5.3 Í þeim tilvikum sem fleiri en einn markaður eru í samkeppni um að framkvæma fyrirmæli mun Landsbankinn í því skyni að tryggja bestu framkvæmd, taka tillit til þóknunar og kostnaðar bankans vegna framkvæmdar fyrirmælanna á sérhverjum markaði sem tilgreindur er í viðauka 1 við verklagsreglur þessar, til að meta og bera saman þann árangur sem líklegt er að unnt væri að ná fyrir viðskiptavininn á hverjum markaði fyrir sig.

6 Fyrirmæli til þriðja aðila

- 6.1 Landsbankanum er heimilt að miðla fyrirmælum viðskiptavinar um framkvæmd viðskipta til þriðja aðila, t.d. annars fjármálafyrirtækis, til að framkvæma viðskiptin. Sömuleiðis er Landsbankanum heimilt að beina fyrirmælum um viðskipti með fjármálagerðinga á grundvelli eignastýringar til framkvæmdar hjá þriðja aðila.
- 6.2 Í slíkum tilvikum mun Landsbankinn gera eðlilegar ráðstafanir til að niðurstaðan verði sem hagstæðust fyrir viðskiptavin, að teknu tilliti til þeirra þátta sem nefndir eru í grein 4.1. Forgangsröðun þessara þátta skal ákvörðuð með tilvísun til viðmiðanna í grein 4.2. - 4.5.
- 6.3 Á lista sem Landsbankinn viðheldur eru tilgreindir þeir þriðju aðilar sem Landsbankinn beinir eða miðlar fyrirmælum um framkvæmd viðskipta til. Landsbankinn mun afhenda viðskiptavinum sínum afrit af listanum samkvæmt beiðni þar að lútandi.

7. Eftirlit og endurskoðun

- 7.1 Landsbankanum er heimilt að breyta verklagsreglum þessum einhliða. Landsbankinn mun endurskoða verklagsreglur þessar á m.k. árlega en bankinn mun jafnframt endurskoða verklagsreglurnar í hvert skipti sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu bankans til að ná áframhaldandi besta hugsanlega árangri fyrir viðskiptavinum bankans.
- 7.2 Landsbankinn mun leggja reglulega mat á markaði sem í boði eru með hliðsjón af þeim vörum sem hann stundar viðskipti með til að ákvarða hvaða markaðir henta best til að bankinn geti sinnt þeirri skyldu sinni að leita allra leiða til að tryggja viðskiptavinum sínum bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Listi yfir markaði sem bankinn reiðir sig einkum á, sbr. viðauka 1, verður uppfærður þegar tilefni er til á grundvelli þessa mats.
- 7.3 Landsbankinn mun reglulega endurmeta val sitt á þeim þriðju aðilum sem Landsbankinn miðlar eða beinir fyrirmælum um framkvæmd viðskipta til, sbr. grein 6. Landsbankinn mun uppfæra listann sem vísað er til í grein 6.3. þegar tilefni er til á grundvelli þessa mats.
- 7.4 Landsbankinn mun upplýsa viðskiptavinum um allar efnislegar breytingar sem gerðar verða á verklagsreglum þessum eða ráðstöfunum sem eiga sér stað á grundvelli þeirra. Landsbankinn uppfyllir upplýsingaskyldu sína samkvæmt framangreindu með því að birta nýjar eða breyttar verklagsreglur á vef bankans, www.landsbankinn.is.
- 7.5 Gildandi verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla má nálgast á vef bankans, www.landsbankinn.is.



Viðauki 1

við Verklagsreglur Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla | Nr. 1224

Yfirlit yfir markaði sem Landsbankinn reiðir sig einkum á við framkvæmd fyrirmæla:

Markaður	Beinn aðgangur	Aðgangur í gegn um þriðja aðila	Verðbréf	Peninga- markaðs- skjöl	Hlut- deildar- skírteini	Afleiður
NASDAQ OMX markaðir						
NASDAQ OMX Nordic Exchange Copenhagen	X		X		X	
NASDAQ OMX Nordic Exchange Helsinki	X		X		X	
NASDAQ OMX Nordic Exchange Reykjavik	X		X		X	
NASDAQ OMX Nordic Exchange Stockholm	X		X		X	
NASDAQ Riga Stock Exchange		X	X		X	
NASDAQ Tallinn Stock Exchange		X	X		X	
NASDAQ Vilnius Stock Exchange		X	X		X	
First North markaðir						
Copenhagen First North Market	X		X		X	
Helsinki First North Market	X		X		X	
Reykjavik First North Market	X		X		X	
Riga First North Market		X	X		X	
Stockholm First North Market	X		X		X	
Evrópa						
Amsterdam Stock Exchange		X	X		X	
Athens Stock Exchange, Greece		X	X		X	
Bucharest Stock Exchange		X	X		X	
Budapest Stock Exchange		X	X		X	
Bulgarian Stock Exchange - Sofia		X	X		X	
EN Brussels, Belgium		X	X		X	
Frankfurt Stock Exchange, Germany		X	X		X	
Georgian Stock Exchange		X	X		X	
Istanbul Stock Exchange		X	X		X	
Italian Stock Exchange		X	X		X	
London Stock Exchange, UK		X	X		X	
Madrid Stock Exchange		X	X		X	
Oslo Stock Exchange		X	X		X	
Paris Stock Exchange, France		X	X		X	
PFTS, Ukraine		X	X		X	
Prague Stock Exchange		X	X		X	



Markaður	Beinn aðgangur	Aðgangur í gegn um þriðja aðila	Verðbréf	Peninga- markaðs- skjöl	Hlut- deildar- skírteini	Afleiður
Evrópa frh.						
Russian Trading System Stock Exchange		X	X		X	
Swiss Exchange		X	X		X	
Vienna Stock Exchange		X	X		X	
Warsaw Stock Exchange		X	X		X	
Xetra, Germany		X	X		X	
Zagreb Stock Exchange		X	X		X	
Bandaríkin og Kanada						
AMEX, US		X	X		X	
NASDAQ, US		X	X		X	
NYSE, US		X	X		X	
Toronto Stock Exchange, Canada		X	X		X	